



GILJASKÓLI

STARFSÁÆTLUN GILJASKÓLA

SKÓLAÁRÍÐ 2026-2027

Innihald

Inngangur	4
Almennt um skólann	5
Áherslur skólaársins	5
Stjórnskipulag	7
SKIPURIT	7
Starfsfólk	8
Nemendur	8
Skóladagatal	8
Skólareglur	10
Símareglur	14
Frístundaheimili	14
Mötuneyti	15
Tómstundastarf og félagslíf	15
Forföll og leyfi	16
Innra mat og umbætur	16
Áætlanir skólans	16
Tilhögun kennslu – nám og kennsla	16
Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks	16
Viðbragðs- og rýmingaráætlanir	16
Starfsáætlun nemenda	17
Stundaskrá nemenda	17
Helstu viðburðir og vettvangsferðir	17
Viðtalsdagar	17
Félög og ráð	17
Skólaráð	17
Réttindaráð	18
Foreldrafélag	18
Forvarnarteymi	18
Valgreinar	19
Stoðþjónusta	19
ÍSAT kennsla	19
Stoðkennarar	20
Námsráðgjafi	20
Skólaheilsugæsla	21
Fræðslu- og lýðheilsusvið	21

Samstarf við grenndarsamfélag	21
Samstarf við leikskóla	21
Samstarf við framhaldsskóla	22

Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun Giljaskóla fyrir skólaárið 2026-2027.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og gildir í þrjú ár í senn og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og birtast í árlegri starfsáætlun sem gefin er út á hverju hausti.

Í starfsáætlun er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið. Má þar nefna helstu áherslur og markmið skólans yfir skólaárið, upplýsingar um starfsfólk og þjónustu, skipulag skólans, fyrirkomulag kennslu, hefðir og venjur.

Starfsáætlunin er á ábyrgð skólastjóra og unnin í samráði við starfsfólk skólans. Áætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Þá ber fræðslu- og lýðheilsuráð að fjalla um áætlunina og staðfesta gildistöku hennar.

Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans þegar haustönn er hafinn. Hægt er að fá starfsáætlun útprentaða ef þess er óskað.

Með von um gott og árangursríkt skólastarf skólaárið 2026 – 2027.

Elías Gunnar Þorbjörnsson, Aðalheiður Skúladóttir og Thelma Baldursdóttir,

skólastjórnendur Giljaskóla

Almennt um skólann

- Heimilisfang
Giljaskóli v.Kiðagil, 603, Akureyri
- Opnunartími skólans
7:50-16:15
- Opnunartími skrifstofu
8:00-16:00
- Netfang
giljaskoli@akureyri.is
- Heimasíða
www.giljaskoli.is
- Símanúmer skóla
462-4820
- Símanúmer húsvarðar
697-3525
- Símanúmer frístundaheimilis
462-4825
- Símanúmer íþróttahúss 462-6270/ símanúmer Glerárlaugar 462-1539/ Akureyrarsundlaug 461-4455
- Trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn
Trúnaðarmaður kennara er Ragnheiður Ásta Einarsdóttir
Trúnaðarmaður Einingar/löju er Birna Baldursdóttir
Öryggistrúnaðarmaður Ragnar Rúnar Svavarsson

Áherslur skólaársins

Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Ábyrgð undirstaða góðs námsárangurs en virðing og vinsemd höfða til félags- og tilfinningaþroska sem er nauðsynlegur fyrir farsæl samskipti í leik og starfi.

Þessi lífsgildi eru notuð við ýmis tækifæri og unnið út frá þeim í daglegu starfi. Lífsgildin eiga að sjást í vinnubrögðum og viðmóti starfsmanna, viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, kennara og foreldra.

Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er reist á sex grunnpáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina. Grunnpættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru

Þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða. Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni.

Áherslur í Giljaskóla eru reistar á grunnþáttum menntunar. Flestar áherslur má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á teymiskennslu árganga og áframhaldandi vinna verður með leiðsagnarnám og innleiðingu nýrra áherslna varðandi Aðalnámsskrá grunnskóla. Verða þessir áhersluþættir unnir í samstarfi við miðstöð skólabróunar. Helstu áherslur í teymiskennslu Giljaskóla má finna [hér](#). Tilgangur leiðsagnarnáms er að valdefla nemendur, svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi. Leiðsagnarnám byggir á fimm stöðum sem saman leiða að jákvæðari námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Í Giljaskóla sýnum við ábyrgð, virðingu og vinsemd

ÁBYRGÐ: Í Giljaskóla sýnum við ábyrgð með því að gera alltaf okkar besta og leggja okkur fram í leik og starfi.

VIRÐING: Í Giljaskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

VINSEMD: Í Giljaskóla sýnum við vinsemd með því að hugsa vel hvert um annað, taka þátt í því sem fram fer og gæta þess að enginn sé einmana.

Í Giljaskóla er markmið okkar að allir fái tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni og hæfni eftir fjölbreyttum leiðum. Skólastarfi þarf að hafa í fyllsta samræmi við getu og þarfir hvers og eins, með gleði og vellíðan að leiðarljósi. Í Giljaskóla er lögð áhersla á að skapa uppbyggjandi aðstæður og öruggt umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.

Stjórnskipulag

➤ *Heiti skólastjóra*

Elías Gunnar Þorbjörnsson

➤ *Deildarstjórar*

Aðalheiður Skúladóttir og Thelma Baldursdóttir eru deildarstjórar

➤ *Deildarstjóri frístunda- og forvarnarmála*

Arnar Már Bjarnason

➤ *Heiti verkefnastjóra*

Bergmann Guðmundsson – Verkefnastjóri UT


Ragnheiður Ásta Einarsdóttir – Verkefnastjóri stoðþjónustu og ÍSAT

Agla Egilsson - Verkefnastjóri sérdeildar

➤ *Heiti námsráðgjafa*

Hrefna Rut Níelsdóttir

SKIPURIT



Starfsfólk

Lista yfir starfsfólk skólans má nálgast á heimasíðu skólans og er hlekkur hér:

<https://www.giljaskoli.is/is/skolinn/starfsfolk/starfsmenn>

Nemendur

Skólaárið 2026-2027 eru nemendur Giljaskóla 368, 185 drengir og 183 stúlkur þar af eru nemendur í sérdeild 13 þar sem 11 nemendur eru drengir og 2 stúlkur

Skóladagatal

Lög segja til um fjölda skóladaga nemenda og fjölda skipulagsdaga kennara bæði á skólatíma og á undan og á eftir skólaárinu. Á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs júní skulu nemendur fá 180 skóladaga, þar af 170 samkvæmt stundaskrá en 10 daga má nýta á annan hátt. Starfsdagar kennara eru 5 á starfstíma nemenda og sex dagar þess utan. Þá daga sem gera má ráð fyrir að breytingar verði á stundaskrá kennara köllum við ýmist uppbrotsdaga eða skerta daga og eru þeir merktir sérstaklega á skóladagatal.

Uppbrotsdagar (dökkbleikir á skóladagatali) eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þessir dagar mega vera 10 talsins á hverju skólaári. Á uppbrotsdögum tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi dagsins. Að lokinni dagskrá hafa undirbúningur og úrvinnsla kennslu alltaf forgang. Uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags.

Skertir skóladagar (gulir á skóladagatali) nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis og er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldravíðtalsdaga, jólasemmtanir, íþrótt- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra

Að öðru leyti skipuleggja skólastjóri og kennarar skólaárið. Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans. Birt með fyrirvara um breytingar.

Hér má finna tengil á [skóladagatal 2026-2027](#)

Skýringar með skóladagatal

Dagar	Viðburðir
24. ágúst	Skólasetning er í íþróttahúsi skv. auglýsingu á heimasíðu skólans. Skólastjóri flytur ávarp og kynnir nýtt starfsfólk. Nemendur hitta umsjónarkennara. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá næsta dag. Skólabyrjun hjá 1. bekk hefst með tveimur víðtalsdögum 24. og 25. ágúst
1. september	Útivistardagur- göngu- og hjóladagur- gert er ráð fyrir að allir nemendur fari í göngu- eða hjólaferð í nágrenni við skólann.
8. september	Dagur læsis í yfirlýsingu frá UNESCO, menningar- og vísindastofnun Sameinuðubjóðanna, segir að læsi teljist til grunnlífsleikni. Læsi er kjarni alls náms og undirstaða hvernar kennslustundar. Á þessum degi er fólk, hvar sem er í heiminum, hvatt til þess að skipuleggja læsis- og lestrarviðburði. Læsi er skilgreint sem lestur, hlustun, tal og ritun.

16. september	Dagur íslenskrar náttúru. Hinn 16. september ár hvert er nú tileinkaður <i>íslenskri náttúru</i> og eru kennarar hvattir til að leggja áherslu á íslenska náttúru í skólastarfinu þennan dag.
28. september	Starfsdagur - frístund lokuð
26.-27. október	Haustfrí
3. nóvember	Nemendastýrð námssamtöl. Nemendur og foreldrar hitta kennara og eiga samtál um líðan og námsframvindu.
4. nóvember	Starfsdagur
8. nóvember	Baráttudagur gegn einelti Þessa viku vinna nemendur forvarnarverkefni gegn einelti skv. forvarnaráætlun skólans
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu. Dagur íslenskarar tungu er 16. nóvember sem ber upp á laugardegi að þessu sinni, á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar. Stóra upplestrarkeppnin hefst á Degi íslenskrar tungu.
20. nóvember	Dagur mannréttinda barna.
25.-26. nóvember	Árshátíð yngsta- og miðstigs. Markmiðið er að efla félagsþroska, þjálfra framsögn, leikræna tjáningu og framkomu og síðast en ekki síst hafa gleði og gaman af. Nefnd skipuð starfsfólki skólans vinnur að undirbúnings- og skipulagsvinnu. Skólahópi frá leikskólunum Kiðagili og Tröllaborgum er boðið á nemendasýningu. Sýningargestir greiða aðgangseyri sem fer í nemendasjóð bekkja vegna vorferða. Nemendur/foreldrar 10. bekkjar leggja til veitingar og selja kaffi eftir sýningar. Andvirði kaffisölnunnar rennur í ferðasjóð bekkjarins.
1. desember	Fullveldisdaginn. Skreytingadagur skólans.
18. desember	Litlu jól. Litlu jólin eru hefðbundin. Nemendur koma saman í heimastofum, mæta prúðbúin, gjarnan með kerti, kennari les jólasögu. Síðan er haldið í íþróttasalinn þar sem allir nemendur ganga í kringum jólatré og syngja jólalög. Að því loknu halda nemendur aftur í stofu, borða nesti og eiga huggulega samverustund.
4. janúar	Starfsdagur – Frístund lokuð
9. febrúar	Nemendastýrð námssamtöl. Nemendur og foreldrar hitta kennara og eiga samtál um námsframvindu.
10. -12. febrúar	Vetrarfrí- frístund opnar kl.13.00
23.-25. febrúar	Stuttmyndadagar unglingastigs. Nemendur 8. - 10. bekkjar búa til stuttmyndir eftir frumsömdum handritum nemenda úr skólanum.
30. mars	Starfsdagur- frístund lokuð
05. apríl	Útivistardagur/Skiðadagur dagurinn getur færst til eftir veðri og vindum

14.-16. apríl	Þemadagar. Nemendur skólans vinna að sameiginlegu þema sem ákveðið er á hverju skólaári
21. apríl	Árshátíð unglinga seinni hluti - ball
18. maí	Starfsdagur
3- 4. og 7. júní	Vorferðadagur sem einkennast af útiveru og fjölbreyttum viðfangsefnum.
8. júní	Skólaslit. Skólaslit eru í sal íþróttahúss um morguninn fyrir alla nema nemendur 10. bekkjar. Skólastjóri flytur ávarp. Nemendur fara síðan með kennurum sínum í heimastofur og þar fá þeir afhentan vitnisburð. Skólaslit 10. bekkjar fara fram síðdegis. Nemendur flytja tónlistaratriði, skólastjóri ávarpar nemendur og kveður þá. Fulltrúi nemenda flytur ávarp. Eftir athöfnina og myndatöku er boðið í kaffi og kökur sem foreldrar 10. bekkjar og skólinn leggja til en foreldrar 9. bekkja sjá um að uppvarta og ganga frá.

Skólareglur

Uppeldis- og samskiptastefna Giljaskóla er Uppeldi til ábyrgðar (Restitution), í daglegu tali nefnd Uppbygging, en fræðast má um meginviðmið hennar á öðrum stað í skólanámskránni. Með Uppbyggingunni er lögð áhersla á uppbyggileg samskipti og kennslu sjálfsaga. Stefnt er að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum með því að skoða hvernig við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri og finna út hver við viljum vera. Stefnan er lögð til grundvallar við úrlausn ágreinings- og agamála.

Skólareglur Giljaskóla eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum. Úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska, hæfni nemenda og stuðli sem best að jákvæðri hegðun.

Viðfangsefni allra í skólasamfélaginu er að byggja upp góðan starfsanda og jákvæðan skólabrag þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigði og jákvæðni einkenna öll samskipti. Stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir. Markmið skólareglna Giljaskóla eru að nemendur geti þroskað hæfileika sína og séu öruggir í öllu starfi skólans.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur segir m.a. „Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“

Skólareglur gilda í skólanum, íþróttahúsum, sundstöðum, félagsmiðstöðvum og í öllum ferðum á vegum skólans en auk þess þurfa nemendur að fara eftir sérreglum sem gilda á þessum stöðum.

Umsjónarkennari kynnir nemendum skólareglur og ræðir mikilvægi þeirra í upphafi hvers skólaárs og rifjaðar upp eftir atvikum.

Hlutverk nemenda er að:

- leggja sig fram og gera sitt allra besta
- sýna áhuga, metnað og seiglu í námi
- sýna virðingu, tillitssemi og kurteisi
- fara að fyrirmælum *alls* starfsfólks
- vera stundvísir og hafa nauðsynleg gögn meðferðis
- skapa og virða vinnufrið
- fara vel með og bera ábyrgð á eigum sínum og annarra
- vera til fyrirmyndar.
- fylgja skólareglum þ.m.t. símareglum

Öryggisreglur – Nemendur skulu aldrei:

- beita ögrunum, andlegu- eða líkamlegu ofbeldi
- koma með eða beita bareflum/vopnum eða eldfærum
- reykingar og öll notkun tóbaks, þ.m.t. nef- og munntóbaks auk rafsígarettar, er óheimil í húsnaði og á lóð skólans sem og notkun áfengis og annarra vímugjafa. Sömu reglur gilda um ferðalög og aðra viðburði í nafni skólans. Sjá nánar *Lög um tóbaksvarnir*.
- vera með síma í búningasklefum eða önnur tæki sem taka myndir.
- vera með síma í sundrútu eða önnur tæki sem taka myndir.
- klifra á handriðum í skólanum eða henda einhverju fram af svölum skólans.

Almennar reglur – Nemendur eiga að:

- temja sér heilbrigðar og hollar lífsvenjur
- Koma með hollt nesti í skólann
- fara úr útiskóm og setja í hillur í forstofu og hengja yfirhafnir á snaga við kennslustofur
- nýta frímínútur til útiveru og klæðast eftir veðri. Útivera í frímínútum er frjálst val fyrir 8.-10. bekk.
- fara í biðröð við skólabíl, spenna öryggisbelti, sitja kyrr í sætum meðan bíllinn er á ferð og sýna bílstjóra alltaf fyllstu kurteisi

Almennar reglur – Nemendur mega EKKI:

- neyta sælgætis né gosdrykkja í skólanum nema við sérstök tækifæri
- neyta orkudrykkja í skólanum
- vera í snjókastí nema á afmörkuðu svæði á skólalóðinni.
- yfirgefa skólalóð á skólatíma án leyfis.
- nota síma eða önnur tæki í kennslustundum, matsal eða þar sem truflun hlýst af. Starfsmenn geta við vissar aðstæður veitt undanþágu frá þessari reglu.
- vera með snjallúr opin/virk á skólatíma
- vera með ólæti í skólaakstri.
- trufla kennslustundir hjá öðrum.
- *nota vél- eða rafknúin farartæki skólalóðinni á skólatíma og opnunartíma Frístundar.* Nemendum er heimilt að koma á reiðhjólum, hjólabrettum og línuskautum í skólann og það alfarið á ábyrgð foreldra. Þá skal einnig minnt á lög um notkun reiðhjólahljálma fyrir öll börn undir 14 ára aldri, mælt er til þess að börn undir 10 ára aldri séu ekki ein á ferð á hjólum í umferðinni. Þegar nemendur eru í

skipulögðum hjólatúrum á vegum skólans þurfa þeir að vera með hjálma. Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn á bretti séu með hjálma.

Viðurlög og úrvinnsluleiðir

Viðurlögum er beitt eftir aðstæðum, eðli og alvarleika brots eða tíðni vægari brota en alltaf er brugðist hart við brotum á öryggisreglum. Viðurlög eru skráð í Mentor.

Möguleg viðurlög eða úrræði þegar nemendur vilja ekki leiðrétta hegðun sína (í stafrófsröð):

- áminning veitt
- foreldrar koma í skólann með nemanda til fundar
- foreldrar sitja kennslustundir tímabundið
- gerður er skriflegur samningur milli foreldra, nemanda og skóla
- kennari lætur foreldra vita af stöðu mála og ræðir framhaldið
- máli vísað til skólastjórnenda
- mál færast yfir til skólayfirvalda bæjarins eða barnaverndaryfirvalda
- nemandi tekinn tímabundið úr aðstæðum
- nemandi vinnur í einveru
- nemandi fær fylgdarmann (starfsmann eða foreldra) í frímínútum eða kennslustundum
- nemenda boðin aðstoð námsráðgjafa eða skólaráðgjafa
- nemanda vísað heim til næsta dags
- nemanda vísað heim í allt að fimm daga
- nemanda vísað úr skóla
- nemandi sem brýtur skólareglur eða almenn lög á ferðalagi á vegum skólans verður sendur heim á kostnað foreldra.
- nemandi sem notar síma eða önnur tæki í leyfisleysi fær hann val um að afhenda símann/tækið til geymslu á skrifstofu það sem eftir er skóladags eða fara til skólastjórnanda. Hjá skólastjórnanda fær nemandinn val um að geyma símann á skrifstofu til loka skóladags eða bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.
- þegar nemandi notar síma/tæki án leyfis er það skráð í Mentor.
- stundaskrá nemanda skert tímabundið.

Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar úr skóla án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verði ágreiningur milli forráðamanna og skólans varðandi málefni nemanda og ekki næst samkomulag getur hvor aðili um sig vísað málinu til skólanefndar og síðan menntamálaráðuneytis.

Starfsmaður sem verður var við brot á skólareglum eða fær tilkynningu um það kemur upplýsingum á framfæri við umsjónarkennara. Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita samdægurs um alvarleg brot. Lögregla er kölluð til þegar ástæða þykir til þess.

Hafi nemandi hegðað sér með þeim hætti að erfitt sé fyrir starfsmenn skólans að treysta honum til að fylgja reglum verður honum mögulega meinuð þátttaka í skólaferð eða farið fram á að foreldri komi með í ferðina.

Skólasókn og ástundun

Forföll, s.s. veikindi eða fjarvist vegna óveðurs, skal tilkynna við upphaf kennslu hvers dags. Forföll sem ekki eru tilkynnt samdægurs af forráðmanni nemanda eru skráð sem óheimil fjarvist. Langvarandi veikindi eða forföll skal staðfesta með læknisvottorði.

Forráðamenn nemenda geta sótt um tímabundna undanþágu frá skólasókn (leyfi) á sérstökum hlekk á heimasíðu skólans. Umsjónarkennari veitir leyfi allt að tveimur dögum en lengra leyfi þarf að sækja um til stjórnenda. Í 15. grein grunnskólalaga segir: „Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“

Nemendur sem að mati foreldra komast ekki í skólann vegna illviðris teljast vera í leyfi. Foreldrar þurfa að tilkynna skólanum ákvörðun sína í sambandi við slík óveðursleyfi.

Kennarar fylgjast með ástundun og hegðun nemenda og skrá eftirfarandi atriði í Mentor þegar tilefni er til:

- án heimavinnu
- án gagna
- vinnur ekki í tíma
- truflar kennslu eða sýnir ótilhlýðilega hegðun
- vísað úr kennslustund
- virðir ekki símareglur

Ef ástæða þykir skrifa kennarar einnig í dagbók á Mentor.

Ef skólasókn nemenda er ekki viðunandi er nemandi og foreldrum fyrst gert viðvart, síðan eru þeir boðaðir á fund með umsjónarkennara þar sem farið er yfir stöðuna. Ef það ber ekki tilætlaðan árangur er málinu vísað áfram til skólastjórnenda.

Ef um alvarleg frávik í skólasókn er að ræða skal umsjónarkennari hafa samband við foreldra, ræða stöðuna og leita skýringa. Skólastjórnendur skulu upplýstir um málið. Miðað er við að 20-25% fjarvistir séu alvarlegar. Ef um mikil veikindaforföll er að ræða leitar skólahjúkrunarfræðingur skýringa hjá foreldri/lækni.

Verði ekki ráðin bót á skólasókn í kjölfarið kallar umsjónarkennari foreldra og nemanda til viðtals með stjórnendum/eða öðrum ráðgjöfum innan skólans til að gera skriflegan samning með áætlun um úrbætur. Verði slíkur samningur brotinn skal reynt að leita lausna á öðrum fundi með skólastjórnendum og foreldrum.

Þyki sýnt að ekki sé hægt að leysa málið innan skólans, m.a. með aðkomu nemendaverndarráðs, er málinu vísað skriflega til skólayfirvalda eða barnaverndarnefndar.

Framangreint ferli er til viðmiðunar en við alvarleg brot er hægt að flýta ferlinu eða breyta því.

Ástundun nemenda og aðgerðir skóla

Grunnskólarnir á Akureyri hafa haft samvinnu um gerð eftirfarandi viðmiða vegna ástundunar og verður stuðst við þau viðmið í Giljaskóla þótt ekki sé gefin sérstök ástundunareinkunn.

Ástundun nemenda er send hálfsmánaðarlega til forráðamanna

Punktagjöf á önn (fyrir og eftir áramót) – Óheimilar fjarvistir , óstundvísi og vísun úr kennslutíma eru reiknaðar til punkta:

- Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 2 punkta
- Að mæta of seint gefur 1 punkt
- Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.
- Að vera vísað úr kennslustund gefur 1 punkt

Punktar	Aðgerðir
10	Ef nemandi er kominn með 10 punkta ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd sendir ástundun heim í Námfúsi
15	Ef nemandi er kominn með 15 punkta hringir umsjónarkennari í foreldra/forráðamenn og leitar lausna með þeim
20	Ef nemandi er kominn með 20 punkta eru nemandinn og foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita
30	Ef nemandi fær 30 punkta er málinu vísað til nemendaverndarráðs skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaðan er skráð í Námfús
	Verði ekki breyting til batnaðar eftir þessar aðgerðir tekur nemendaverndarráð ákvörðun um hvort og þá hvenær málinu skuli vísað til barnaverndarnefndar.

Um veikindi sem ekki eiga sér augljósar skýringar (eins og t.d. skýringar í læknisvottorði eða öðrum upplýsingum sem fyrir liggja):

Umsjónarkennari kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samtals á skólaárinu

Umsjónarkennari vísar máli nemanda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á skólaárinu. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð í Skrána og Námfús

Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki fer málið til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um hvort því verði vísað til barnaverndarnefndar.

Viðbrögð vegna óviðunandi hegðunar í kennslustundum

Þegar nemandi sinnir námi sínu illa, gefur ekki vinnufrið eða sýnir aðra hegðun sem telst óviðunandi þá getur kennari vísað honum úr kennslustund(um) og til stjórnenda. Kennari hringir á skrifstofu og sendir nemanda eða kemur með hann á skrifstofu skólans. Í kjölfarið, ræðir stjórnandi við nemanda og skráir samtalið í dagbók viðkomandi á Mentor.

Það er í anda Uppbyggingar að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin hegðun. Kennari gerir nemanda grein fyrir að það er undir honum sjálfum komið að velja milli þess að bæta hegðun strax eða fara úr hópnum. Nemandinn fær þannig alltaf tækifæri til að bæta sig áður en til brottvísunar kemur. Þegar gripið er til þessa ráðs er nemandi aðstoðaður við nám eftir því sem hann kys og aðstæður leyfa. Kennari sem vísar nemanda úr tíma skráir ákvörðun sína í Mentor og sendir skráninguna til foreldra og stjórnenda.

Símareglur

Grunnskólar Akureyrar hafa sett sér sameiginlegar reglur varðandi símanotkun í skólum. Nefnist þetta símafrí og má nálgast þau viðmið [hér](#).

Frístundaheimili

Börn í 1.-4. bekk eiga kost á dvöl í Frístund eftir skólatíma dag hvern til kl. 16:15. Frístund er hluti af skólastarfinu og fylgir stefnu skólans.

Markmið

Meginmarkmið Frístundar er að sameina uppeldi og menntun við hæfi þeirra barna sem Frístundar njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að efla sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Mest áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem skólavistun er í raun frítími barnanna. Einnig er hópastarf og skapandi verkefni eftir því sem unnt er. Helstu upplýsingar varðandi starfsemi frístundar má finna á heimasíðu skólans, [frístund](#).

Mötuneyti

Skólaárið 2026-2027 eru skólamáltíðir gjaldfrjálsar í Grunnskólum.

Tómstundastarf og félagslíf

Félagsmiðstöð Giljaskóla fyrir 8-10 bekk ber heitið Dimmuborgir og er staðsett í Giljaskóla. Félagsmiðstöðin býður upp á opið starf þar sem unglingarnir sjálfir, undir handleiðslu starfsmanna, skipuleggja og sjá um viðburði. Nemendur í 5.-7. bekk geta sótt félagsmiðstöðina á auglýstum viðburðum á milli kl.14:00-16:00

Opnunartímar Dimmuborga eru sem hér segir:

- Þriðjudagar: kl: 20:00-22:00
- Miðvikudagar: miðstigi kl: 14:00-16:00 (auglýstir viðburðir)
- Fimmtudagar: kl: 20:00-22:00

Umsjónarmaður Dimmuborga er Arnar Már Bjarnason deildarstjóri frístunda- og félagsmála Giljaskóla. Ef að einhverjar spurningar vakna þá er hægt að hafa samband í:

- Sími 460-1240
- Netfang: arnarb@akureyri.is

Miðstigsopnanir eða opin hús eru fyrir börn í 5. – 7. bekk. Þær eru í eina og hálfa klukkustund í senn í hverri félagsmiðstöð. Hver skóli er með fjögur opin hús á önn.

Starfið er með þeim hætti að starfsmenn Félag skipuleggja dagskrá fyrir öll opin hús vetrarins en krakkarnir hafa val um að fylgja dagskránni eða einfaldlega njóta þess sem félagsmiðstöðin hefur að geyma; spila borðtennis, hlusta á tónlist o.s.frv. undir eftirliti og leiðsögn starfsmanna.

Klúbbastarf fyrir 5. og 6. bekk. Unnið er eftir hugmyndafræði *Timewise* sem gengur út á að kenna þeim lýðræðislega hugsun, taka þátt í hóp, vera meðvituð um hvernig þau nýta frítíma sinn og gera ýmislegt til að örva félagsþroskann. Ásamt því að gera ýmislegt skemmtilegt. *Pop-up* viðburðir eru hugsaðir fyrir 7.bekki á Akureyri. Þrátt fyrir að 7. bekkingar séu á miðstigi lenda þau oft á milli miðstigs og unglingastigs, en þau mættu vera duglegri að sækja opin hús. Þess vegna eru þessir viðburðir hugsaðir eingöngu fyrir þau.

Umsjón með opnum húsum, viðburðum, klúbbum og fræðslum á miðstigi eru Arnar Már Bjarnason og Angantýr Máni Gautason. Hægt er að hafa samband við þá í tölvupósti arnarb@giljaskoli.is og angantym@akmennt.is og í síma 462-4820

Forföll og leyfi

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Þetta geta foreldrar gert með því að hringja í skólann eða skrá veikindi á vefnum mentor.is. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt.

Þurfi að óska eftir leyfi frá skóla fyrir nemanda lengur en þrjá daga þurfa forráðamenn að fylla út umsókn um leyfi á vefsíðu skólans, en umsjónarkennari eða ritari geta veitt leyfi til styttri tíma.

Innra mat og umbætur

Innra mat 2026 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026- 2027 má finna [hér](#).

Áætlanir skólans

Tilhögun kennslu – nám og kennsla

Byggir á kennslufræðilegri stefnu skólans s.s. námsvísun/kennsluáætlunum sem birtar eru á heimasíðu skólans í lok september ár hvert.

Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks

Hér má finna [starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið 2026-2027](#)

Viðbragðs- og rýmingaráætlanir

Í viðbragðsáætlun Giljaskóla er gerð grein fyrir viðbrögðum við hættuástandi og hlutverkum starfsfólks og öryggisráðs þegar hættuástand er yfirvofandi eða hefur komið upp.

Hlutverk öryggisráðs Giljaskóla er að:

- taka saman upplýsingar um viðbragðsáætlun Giljaskóla í sérstaka möppu og uppfæra þær upplýsingar eftir þörfum
- gera áætlanir um hvernig bregðast skuli við náttúruhamförum
- sjá um verkstjórn ásamt skólastjórnendum ef hættuástand vofir yfir eða hefur komið upp
- standa að og skipuleggja fræðslu um viðbragðsáætlunina fyrir starfsfólk skólans
- vinna rýmingaráætlun þar sem kveðið er á um hvernig skuli standa að brunaæfingum
- kynna áætlanir Akureyrarbæjar sem fjalla um viðbrögð skóla þegar eitthvað er að veðri og færð
- kynna áætlanir Almannavarna, m.a. um viðbrögð í jarðskjálftum og varnir gegn smitsjúkdómum í heimsfaraldri
- vinna kynningarefni/glærur sem kennarar nota til að kynna nemendum aðalatriði rýmingaráætlunar og annarra áætlana.

Hér má finna [viðbragðs og rýmingaráætlun Giljaskóla - viðbrögð við hættuástandi](#) og á heimasíðu má þessar [upplýsingar](#)

Starfsáætlun nemenda

Stundaskrá nemenda

Nemendur og foreldrar geta nálgast stundaskrár á www.mentor.is

Helstu viðburðir og vettvangsferðir

Hreyfing

Sem heilsueflandi grunnskóli leggjum við áherslu á ýmsa hreyfitengda viðburði í skólastarfinu. Meðal viðburða eru:

- Skíðadagur í Hlíðarfjalli (útivistardagur á vorönn)
- Ólympíuhlaup ÍSÍ
- Lífshlaupið
- Skólahreysti
- Giljaskólaleikar
- Unicef hreyfingin
- Íþróttamót allra grunnskóla bæjarins.

Vinabekkjasmstarf

Sú hefð hefur skapast að samstarf sé á milli vinabekkja nokkrum sinnum yfir veturinn. Vinabekkir eru einn yngri bekkur og einn eldri bekkur. Skiptingin er þessi; fyrsti og sjötti bekkur, annar og sjöundi, þriðji og áttundi, fjórði og níundi, fimmti og tíundi. Samstarfið heldur síðan áfram svo lengi sem bekkirnir eru í skólanum. Markmiðið er að þessir nemendur kynnist og læri að vinna saman að ýmsum verkefnum. Einnig er þetta gert með forvarnargildi í huga varðandi einelti. Á haustin er útivist skipulögð með þetta samstarf í huga.

Viðtalsdagar

Á skólaárinu verða tveir viðtalsdagar, einn á haustönn og einn á vorönn.

Að hausti 3. nóvember. Nemendastýrð viðtöl með áherslu á líðan.

Að vori 9. Nemendastýrð viðtöl með áherslu á námslega stöðu.

Félög og ráð

Skólaráð

- Nöfn fulltrúa:
- Stjórnendur: Elías, Aðalheiður og Thelma
- Fulltrúar nemenda: fulltrúi 10. bekk, fulltrúi 9. bekk.
- Fulltrúi kennara: Katrín M. Þorbjörnsdóttir
- Fulltrúi starfsfólks: Ragnar Rúnar Svavarsson
- Fulltrúar foreldra: Konráð Logi Fossdal, Einar Pampichler, Anna Dögg Sigurjónsdóttir
- Fulltrúi grenndarsamfélags: Inda Björk Gunnarsdóttir
- Starfsáætlun skólaráðs

Réttindaráð

- 4.bekkur: Árni Dagur og Rannveig
- 5.bekkur: Bríet og Benóný
- 6.bekkur: Amelía og Embla
- 7.bekkur: Adriana, Björn, Sigurður Sölvi
- 8.bekkur: Hólmfríður Lilja, Brimar Berg og Ragna
- 9.bekkur: Hanna Karen og Grettir
- 10.bekkur: Gísli og Góa
- Fulltrúi sérdeildar: Rebekka og Alexander
- Fulltrúar starfsfólks: Arnar Már Bjarnason og Íris Theodóra Unnsteinsdóttir
- Starfsáætlun réttindaráðs

Foreldrafélag

- Nöfn fulltrúa Konráð Logi Fossdal formaður, Auður Birta ritari, Oddný Ragna gjaldkeri, Ásta Júlía, Kristjana Árný Árnadóttir, Rakel Ása Árnadóttir
- Starfsáætlun- hlekkur inn á starfsáætlun foreldrafélags má finna hér.
- Upplýsingar um hvar fundargerðir er að finna á [heimasíðu skólans](#).
- Stafsáætlun foreldrafélagsins

Forvarnarteymi

Forvarnarteymi

Nafn:	Netfang:	Starf:
Aðalheiður Skúladóttir	allas@akmennt.is	Deildarstjóri eldra stigs

Thelma Baldursdóttir	thelmab@akmennt.is	Deildarstjóri yngra stigs
Ragnheiður Ásta Einarsdóttir	ragnheidura@giljaskoli.is	verkefnastjóri stoðþjónustu
Guðrún Linda Guðmundsdóttir	gudrunlinda@giljaskoli.is	Iðjuþjálfí sérdeild
Hrefna Rut Níelsdóttir	Hrefnar@giljaskoli.is	Námsráðgjafi
Helga María Hermannsdóttir	Helgam@giljaskoli.is	Hjúkrunarfræðingur
Arnar M. Bjarnason	arnarb@akureyri.is	Deildarstjóri frístundar- og forvarnarmála

Tengiliður forvarnarteymis ofbeldis við fulltrúa Sambands íslenskra sveitafélaga:

Elías Gunnar Þorbjörnsson	elias@akmennt.is	Skólastjóri
---------------------------	--	-------------

[Forvarnaráætlun](#) Giljaskóla

Valgreinar

Í unglingadeild þarf hver nemandi að skila 37 kennslustundum á viku. Í 8. og 9. bekk eru 33 kennslustundir í kjarna og 30,5 í 10. bekk. List- og verkgreinar eru hluti af kjarna í unglingadeild. Vetrinum er skipt upp í fimm tímabil og er hvert þeirra u.þ.b. 7 vikur.

Valgreinar eru sex kennslustundir á viku í 8. - 10. bekk og þar að auki er ein bundin vinnustund þar sem nemendur velja sér verkefni. Hver valgrein samsvarar tveimur kennslustundum á viku yfir veturinn þannig að nemendur í unglingadeild þurfa að vera í þremur greinum. Nemendur eiga kost á því að fá félagsstarf eða nám utan skólans metið í stað unglingastigvalgreina(r) en til að hægt sé að meta það sem eina valgrein þarf 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku að liggja að baki og fleiri en 5 klukkustundir ef meta á það sem tvær valgreinar. Nemandi þarf að skila staðfestingu á eyðublaði sem skólinn leggur til, frá þjálfara/kennara/foringja, á ástundun í upphafi hvorrar annar og mati á starfinu í lok hvorrar annar.

Upplýsingar um val nemenda í 8.-10. bekk má finna á [heimasíðu Giljaskóla](#).

Stoðþjónusta

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að leggja beri áherslu á jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Sú áhersla kallar á skólamenningu sem einkennist af virðingu fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og rétti allra til virkrar þátttöku í skólastarfi.

Í Giljaskóla er lögð áhersla á sveigjanlegt kennsluskipulag sem stuðlar að því að mæta þörfum allra nemenda í námi. Slíkt fyrirkomulag felur í sér stöðuga lausnaleit og samvinnu margra aðila. Markmiðið með stoðþjónustu Giljaskóla er að styðja við nemendur og kennara í að laga skipulag að náms- og félagslegum þörfum nemenda.

ÍSAT kennsla

Við skólann starfar ÍSAT kennarari og er honum ætlað að styðja við nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og eru þeir boðaðir til viðtals með túlk þegar á þarf að halda. Unnið er eftir móttökuáætlun skólans og mikilvægt er að nemendur sem koma erlendis frá hefji sína skólagöngu sem allra fyrst. Í upphafi er lögð áhersla á að kenna almenna orðaforðakennslu og styrkingu í félagslegum samskiptum innan bekkjar. Eftir því sem á námið líður er nemandinn þjálfaður í flóknari námsorðaforða og hugtökum. Tilkynningum frá umsjónarkennurum og stjórnendum skólans er komið á framfæri við foreldra með tölvupóstum á ensku eins oft og mögulegt er.

Allir starfsmenn skólans bera sameiginlega ábyrgð á námi, líðan og velferð erlendra nemenda, það er nauðsynlegt svo að góður árangur náist. Skólinn leggur áherslu á að stuðla að velferð og gagnkvæmum og jákvæðum samskiptum milli allra nemenda skólans. Rík áhersla er á að samvinna sé á milli aðila innan skólans sem koma að nemendum til að árangur í námi og kennslu verði sem mestur.

Stoðkennarar

Stoðkennarar í Giljaskóla hafa það hlutverk að létta undir með umsjónarkennurum í skipulagi og framkvæmd náms og kennslu. Þeir vinna í samstarfi við umsjónarkennara að skipulagi náms og kennslu og stuðningi við einstaklinga og/eða litlum hópum. Stoðkennarar koma gjarnan að fleiri en einum árgangi.

Verkefnisstjóri í upplýsinga og tæknimennt

Við skólann starfar verkefnisstjóri í upplýsinga og tæknimennt og hefur hann m.a. það hlutverk að benda á og styðja kennara í að nýta tækni til að efla námsáhuga, styðja nemendur í námi og auka gæði náms.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi starfar í 70 % starfshlutfalli við skólann. Viðtalstími er ekki fastur heldur hafa nemendur aðgang að námsráðgjafa á tímabilinu 08.00 til 14.00 þriðjudaga til föstudaga að undanskildum þeim tíma sem námsráðgjafinn er í viðtölum og á fundum. Þá er hægt að bóka viðtöl í gegnum síma í númerinu 462-4820 eða með tölvupósti: hrefnar@giljaskoli.is Nemendur og foreldrar eru hvattir til að nýta sér þjónustu ráðgjafans.

Námsráðgjafi:

- Veitir ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur
- Stendur vörð um velferð nemenda og er trúnaðarmaður og málsvari þeirra
- Stuðlar að auknum skilningi nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunsætt möguleika varðandi nám og og starf
- Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetur þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu
- Safnar og miðlar upplýsingum um nám og störf
- Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga og fylgir þeim eftir inn í framhaldsskóla
- Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi
- Hjálpar nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans
- Sinnir forvarnarstarfi vegna vímuefna og annarra vágesta sem gætu raskað lífi nemendanna.

Lögð er áhersla á að ráðgjöfin standi öllum nemendum til boða. Nemendum þarf ekki að líða illa eða vera í vanda til að fá viðtal. Ef nemendur langar til að ræða við einhvern um daginn og veginn eða vonir sínar og væntingar í lífinu þá er um að gera að panta tíma. Ráðgjafinn getur líka boðað nemendur til viðtals og ekki þarf að vera nein sérstök ástæða fyrir boðuninni.

Ráðgjafinn er bundinn algjörri þagnarskyldu varðandi allar upplýsingar sem hann fær varðandi mál einstakra nemenda eða nemendahópa.

Ráðgjafinn er með skrifstofu á annarri hæð skólahússins við hlið skrifstofu hjúkrunarfræðings.

Skólaheilsugæsla

Heilsuvernd skólabarna í Giljaskóla er á vegum HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands. [Heilsuvernd grunnskólabarna | Heilbrigðisstofnun Norðurlands \(hsn.is\)](https://hsn.is)

Viðverutími skólahjúkrunarfræðings: mánudaga- föstudaga kl: 8:00-13:00

Netfang skólahjúkrunarfræðings er: helgam@giljaskoli.is

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna. [Heilsuvernd skólabarna \(throunarmidstod.is\)](https://throunarmidstod.is)

Hér má finna frekari upplýsingar um heilsuvernd grunnskólabarna [Giljaskóla](#)

Fræðslu- og lýðheilsusvið

Sérfræðipjónusta Akureyrarbæjar

Skv. 40. grein grunnskólalaga skulu sveitarfélög tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í grunnskólum og ákveða fyrirkomulag hennar. Starfsfólk sérfræðipjónustu, sálfræðingar eða kennsluráðgjafar aðstoða starfsfólk skólans við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem getur haft áhrif á námsframvindu. Að lokinni athugun og greiningu gerir starfsfólk sérfræðipjónustu tillögur um viðeigandi úrræði í samvinnu við starfsfólk skólans, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Niðurstöðum greininga er skilað í skriflegri skýrslu og á fundi með foreldrum, fulltrúa frá skóla og nemanda ef við á og veitt viðeigandi ráðgjöf. Um leið er ákveðið hvort um frekari eftirfylgd verður að ræða.

Sérfræðipjónustunni er ekki ætlað að veita meðferð, eingöngu ráðgjöf. Ekki er hægt að vísa nemendum í viðtalsmeðferð hjá skólasálfræðingi hjá Akureyrarbæ. Stundum fá nemendur þó einhver viðtöl í tengslum við greiningu og eftirfylgd.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf við leikskóla

Gamalgróið samstarf er á milli Giljaskóla og við leikskólana Tröllaborgir og Kiðagil. Nemendur í 1. bekk og elsti árgangur á leikskólunum hittast 4 sinnum yfir skólaárið auk þess sem leikskólabörnunum er boðið á árshátíð 1. - 7. bekkjar. Að þessu skólaári er í boði valgrein sem nefnist Kiðagil þar sem nemendur á unglingastigi geta valið að fara á Kiðagil sem valgrein.

Samstarf við framhaldsskóla

Námsráðgjafi hefur umsjón með samskiptum við framhaldsskóla á svæðinu. Framhaldsskólarnir koma með skólakynningar og/eða bjóða nemendum í heimsókn í framhaldsskólana.

Á þessu skólaári fara jafnframt nemendur í valgreinar í VMA